

Truenorth ehf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Vestmannaeyjum 14. september 2018  
UST201808-147/P.V.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Kleifarvatn**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Truenorth, dagsett 20. ágúst 2018, um leyfi til utanvegaaksturs við Kleifarvatn innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita sérstakt leyfi til að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhalds skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda er ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Tökur fara fram í fjörunni norðan við Syðri Stapa og í helli sem þar er. Óskað er eftir leyfi til að keyra pallbíl með búnað niður í fjöru sem nota á við tókurnar. Tökur fara fram 20. september og koma 55 manns að þeim. Þrír tækjabílar verða staðsettir í bílastæði á Syðri Stapa á meðan tökur fara fram. Aðrar bifreiðar verða geymdar á mel við Lambhagatjörn norðan Kleifarvatns á meðan tökur fara fram.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á svæðið. Umfang utanvegaaksturs er minniháttar og ekki verður ekið yfir gróið svæði. Auðvelt er að fjarlægja ummerki um tókurnar að þeim loknum.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Truenorth leyfi fyrir utanvegaakstri eins og lýst er hér að ofan í fjöruni við Kleifarvatn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal **viðeigandi leyfi** meðferðis við upphaf verkefnisins.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, annar en sá sem vísað er til í bréfi þessu, er bannaður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með akstrinum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
Sérfræðingur